

# Lágafellspósturinn

## Leikið í snjónum

Þessir flottu krakkar af leikskóladeildinni áttu skemmtilegar stundir í snjónum í janúar. Þeir tókust á við það stóra verkefni að búa til snjókarl og tókst vel til eins og sjá má af myndunum.



## Spurningakeppni grunnskólanna

Fimmtudaginn 12. janúar sl. fór fram 1. umferð í Spurningakeppni grunnskólanna. Þetta var í fyrsta skipti sem Lágafellsskóli tók þátt í keppninni en fyrir hönd skólans kepptu þau Fanney Pálsdóttir 10. ÝP, Hlynur Hólm Hauksson 9.EJ og Ásbjörn Árni Ásbjörnsson 8. SÓ. Varamenn voru Pétur Leó Hrannarsson 9. EJ og Móey Pála Rúnarsdóttir 9. SP en þjálfari liðsins var Samúel Örn Erlingsson kennari. Sjö skólar tóku þátt þetta kvöld og voru þar auk Lágafellsskóla lið frá Klébergsskóla, Norðlingaskóla, Borgarskóla, Hamraskóla, Varmárskóla og Víkurskóla.

Uppbygging spurningakeppninnar er svipuð “Gettu betur” þar sem fara saman hraðaspurningar, bjölluspurningar og vísbendingaspurningar ásamt þríþraut. Lágafellsskóli keppti við tvö lið, vann lið Varmárskóla með einu stig en tapaði gegn liði Hamraskóla. Eftir fyrstu umferð var ljóst að lið Lágafellsskóla væri úr leik vegna stigastöðu en það voru ánægðir keppendur sem héldu heim á leið reynslunni ríkari. Krakkarnir stóðu sig með mikilli þrýði og voru skólanum og sjálfum sér til sóma.

### Meðal efnis:

- ◇ Skákdagurinn haldinn hátíðlegur
- ◇ Spurningakeppni grunnskólanna
- ◇ Heimsókn í mjólkursam-söluna

## Á döfinni

### 20. febrúar

Bolludagur—má koma með bollur í morgunnesti

### 21. febrúar

Sprengidagur

### 22. febrúar

Öskudagur—allir hvattir til að mæta í búning

### 24. og 27. febrúar

Vetrarleyfi

## Samvera—Samvinna—Samkennd

## Skákdagurinn

Um allt land var Skákdagurinn haldinn fimmtudaginn 26. janúar á afmælisdegi fyrsta stórmeistara Íslendinga Friðriks Ólafssonar. Í Lágafellsskóla var haldið skákmót hjá hópi nemanda í 4. bekk sem eru í skákkennslu í sérgreinum hjá Ingibjörgu Rósu Ívarsdóttur, grunnskólakennara og skákunnanda. Skákmótið fékk nafnið Litla Friðriksmótið. Teflt var eftir Monrad kerfi, sex skákir og var hver skák átta mínútur. Verðlaun voru veitt fyrir þrjú fyrstu sætin. Sigurvegari mótsins var Helgi Freyr Davíðsson 4.JH, í öðru sæti var Jakob Matthíasson 4.DK og í þriðja sæti var Silja Rún Högnadóttir 4.JH og óskum við þeim svo og öðrum keppendum til hamingju með árangurinn.

Stærsti ávinningurinn að skipulagðri skákkennslu og rannsóknir í mörgum löndum sýna að skipulögð og reglubundin skákiðkun bætir almenna námsgetu barna. Reglubundin skákiðkun/skákkennsla bætir einnig einbeitingu, sjálfsgætu, rökhugsun, áætlunargerð, reiknigetu, rýmisgreind, sjónminni og lestrar- getu. Nemendur læra að taka ábyrgð á eigin gerðum, auka skilning á orsök og afleiðingu og læra íþróttamannslega framkomu þar sem keppendur takast í hendur fyrir og eftir skák. Þeir þjálfa sam- skiptahæfni, sjálfstraust, sjálfshvatningu, rannsóknarhæfileika og læra að taka sigri og tapi.



## Myndlistasýning

Nemendum í myndlistarvali í 10. bekk bauðst nýlega að sýna verk sín í Listasal Mosfellsbæjar á sýningu tveggja þjóðþekktara listsamanna. Listamennirnir eru Hugleikur Dags- son teiknari og rithöfundur og Örn Tönsberg graffitilistamaður og rappari betur þekktur sem 7berg. Mánudaginn 13. febrúar verða verk 10. bekklinganna komin upp í Lista- salnum og öllum er velkomið að kíkja við og skoða.

## Komu Þorra fagnað á leikskóladeild



## Rithöfundar úr hópi nemenda

Eitt verkefni nemenda í upplýsingamennt í 4. bekk er að skrifa barnasögu og skreyta með myndum. Í síðustu viku fóru nemendur svo og lásu sögurnar sínar fyrir krakka úr leikskóladeildinni og 2. bekk. Rithöfundarnir stóðu sig með afar vel og sögurnar náðu eyrum hlustenda.



## Kalli Klappsen

Stuttmyndin Kalli Klappsen hreppti fyrstu verðlaun í stuttmyndasamkeppninni Ljósvalaljóð 2012 í flokki 15-20 ára. Verðlaunin voru afhent í Bíó Paradís um helgina. Framleiðendur myndarinnar, Ágúst Elí Ásgeirsson nemandi í Lágafellsskóla og Jakob van Oosterhout vinur hans úr Reykjavík, eiga og reka kvikmyndafyrirtækið **JÁmyndir**.

Piltarnir eru báðir 14 ára og framleiddu myndina fyrir tveimur árum, þannig að það er nokkuð ljóst að framtíðin er björt. Meira á heimasíðu kvikmyndafyrirtækisins [www.jamyndir.com](http://www.jamyndir.com) Hér er hægt að sjá myndina: <http://www.youtube.com/watch?v=S-JS1tf9-SM&feature=g-all-a&list=PL40239E9D64708138&context=G200fabfFAAAAAAAAAAAAAA>

## 3. bekkur heimsækir Mjólkursamsöluna



Samvera—Samvinna—Samkennd